Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 17. nóvember 2026
26112028/999.00 GEF

Efni: Tillaga að reglum um greiðsludreifingu gatnagerðargjalda vegna uppbyggingar í Vatnsendahvarfi.

Lögð eru fram til samþykktar drög að reglum um greiðsludreifingu gatnagerðargjalda vegna uppbyggingar í Vatnsendahvarfi.

Samkvæmt úthlutunarskilmálum vegna lóða í Vatnsendahvarfi er gert ráð fyrir að gatnagerðargjald og önnur tengd gjöld séu greidd við samþykkt byggingaráforma. Fullnaðargreiðsla álagðra gjalda er eitt af skilyrðum fyrir útgáfu byggingarleyfis, sbr. 3. tl. 1. mgr. 13. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010. Eftir því sem samþykktum byggingaráforma fjölgar hefur fyrirspurnum um greiðsludreifingu gatnagerðargjalda jafnframt fjölgað.

Í Vatnsendahvarfi var mörgum lóðum úthlutað til einstaklinga og minni fyrirtækja. Gert er ráð fyrir að hverfið byggist upp á næstu tveimur árum. Til þess að auðvelda greiðslu eftirstandandi gjalda, þ.e. gatnagerðargjalda og annarra tengdra gjalda, og stuðla þannig að greiðri framvindu uppbyggingar í Vatnsendahvarfi, er lagt til að settar verði tímabundnar reglur sem heimili greiðsludreifingu gatnagerðargjalda og annarra tengdra gjalda sem lögð eru á við samþykkt byggingaráforma.

Í reglunum er kveðið á um umsóknarferli, afgreiðslu umsókna og skilyrði greiðslufyrirkomulags. Við útfærslu greiðslufyrirkomulags er gengið út frá því að lögveðsréttur sveitarfélagsins glatist ekki. Þá er gert ráð fyrir að eftirstöðvar gjalda taki verðbreytingum í samræmi við gildandi gjaldskrá hverju sinni.

Hjálögð eru framangreind drög að reglum.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

Rafræn skilríki

Undirritað af: Guðrún Edda Finnbogadóttir

Tími: 17.11.2026 14:43
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign